

Alþingi
Erindi nr. P 143/626
komudagur 10.12.2013

10.12.2013

Efnahags- og viðskiptanefnd

Vegna fundar laganefndar Félags bókhaldsstofa á morgun kl. 10.25, langar mig að koma á framfæri meðfylgjandi gögnum.

- a) Glærur, sem gefa yfirlit um áhrif nýlegs hæstaréttardóms.
 - b) Bréf undirritaðs til fjármálaráðuneytisins dags. 15. nóvember sl.
- Óskast komið áleiðis til nefndarmanna.

Með kveðju

Sigurjón Bjarnason

SKRA – Skrifstofuþjónusta Austurlands

Fagradalsbraut 11,

700 Egilsstaðir.

Sími 471 1171

Netfang: sb@skrifu.is

Fjármálaráðuneytið
b.t. Mariönnu Jónasdóttur
Amarhvali,
150 Reykjavík

Egilsstöðum 15. nóvember 2013.

Efni: Ábending um að gerð verði breyting á lögum um tekjuskatt ofl.

Í upphafi vil ég þakka greinargott bréf ráðuneytisins frá 31. október sl. Ljóst er að umfjöllunarefnið er skattaleg meðferð lána, sem ólögæt eru samkvæmt 1. og 2. mgr. laga um einkahlutafélög og geri ég ekki ágreining um það atriði. Hins vegar er í bréfi ráðuneytisins aðeins fjallað um málefnið út frá niðurstöðu tilvitnaðs hæstaréttardóms, en ekki vikið að því lagaósamræmi, sem að baki honum liggur. Vil ég því leitast við með bréfi þessu að benda sérstaklega á þau atriði sem ættu að koma til skoðunar í af þessu tilefni og varpa fram spurningum til að draga fram aðalatriði málsins..

1. Í upphafi 7. gr. tskl. er skattskyldum tekjum lýst sem öllu því sem „skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs“.

Er ráðuneytið þeirrar skoðunar að hægt sé að meta skuld til peningaverðs í hendi lántaka eftir að hún hefur verið greidd að fullu?

2. Í 3. mgr. 1. töluliðar A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga segir: „Til tekna sem *laun* teljast og *lán* til starfsmanna, sem óheimil eru samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.“

Telur ráðuneytið ekkert óeðlilegt við að flokka peningalán þannig undir tekjur, burtséð frá endurgreiðslu?

3. Í lok 1. mgr. 58. gr. tekjuskattslaga segir: Við ákvörðun lágmarksendurgjalds skal höfð hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf.

Telur ráðuneytið að skattyfirvöld og löggjafi geti ákvarðað einstaklingi endurgjald án nokkurs hámarks, algjörlega burtséð frá vinnuframlagi, aðeins ef þessu lágmarki er náð?

4. Í 57. grein sömu laga segir: „Ef skattaðilar semja um skipti sín í fjármálum á hátt sem er verulega frábrugðinn því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum skulu verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattaðilans en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna“.

Spurningar mínar eru:

- a. Er ekki hér verið að vísa til þess að tengdir aðilar skuli gagnvart skattalögum haga skiptum sínum eins og ótengda aðila væri að ræða?
 - b. Eru löggjafi og skattyfirvöld með túlkun sinni á 3. mgr. ekki að brjóta gegn anda þessa ákvæðis?
5. Samkvæmt réttarvenju greiða menn skuldir sínar. Samkvæmt 4. og 5. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög er sérstaklega kveðið á um endurgreiðslu ólögætra lána til hluthafa.

Spurt er: Hvað er það sem fjármálaráðuneytið og skattfyrvöld telja sérstakt við endurgreiðslu ólögmætra lána, sem veldur ógildi hennar gagnvart skattarétti?

6. Í máli því sem varð tilefni þessarar athugunar er vitnað til lögskýringagagna, sem liggja meðal annars að ákvæðum 3. mgr. 1. tl. A-liðar 7. greinar laga nr. 90/2003.. Um er að ræða álit meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, sbr. þskj. 461 á 127. löggjafarþingi 2001-2002, en þar segir meðal annars: „Í skattframkvæmd mun nokkuð hafa borið á slíkum lántökum og tilhneiging virðist hafa verið til að úthluta fjármunum til eigenda í formi láns án þess að burðir séu í reynd til endurgreiðslu fyrir en skattstjóri gerir athugasemd við hina ólögmætu lánveitingu.”

Telur ráðuneytið að sú lagabreyting sem þarna var undirbúin eigi að ná til þess hóps sem „hafa burði til endurgreiðslu hinna ólögmætu lánveitinga“.

7. Í sama nefndaráliti segir: Meirihlutinn leggur því til að slík lán verði meðhöndluð í skattalegu tilliti með sama hætti og tíðkast í skattalöggjöf nágrannalandanna.
- Telur ráðuneytið að í þessum orðum birtist skoðun nefndarmanna?**
 - Ef það er álit ráðuneytisins, ætti það þá ekki að hafa áhrif á túlkun þeirra lagagreina, sem samdar voru í framhaldinu?**
8. Nú er augljóst að skattfyrvöld hafa opna heimild studda af hæstaréttardómi að skattleggja ólögmæt en endurgreidd lán eins og um tekjur væri að ræða. Vakna þá eftirfarandi spurningar:
- Hafi láninu verið skilað til réttis eiganda fyrir álagningu, telur ráðuneytið þá að skattþegn hafi eftir skattlagningu leyfi til að nálgast hið skattlagða fé aftur hjá hinu tengda félagi?**
 - Er hann þá orðinn undanþeginn banni því sem 1. og 2. mgr. 79. gr. einkahlutafélagalaga kveða á um?**
 - Hvers vegna og hvar er lagabókstafur fyrir því?**
 - Ef svo er, sýnist ráðuneytinu þá ekki að skattfyrvöld geti með lögmætum hætti lagt tekjuskatt á þessa síðari úttekt í ljósi 3. mgr. 1. tl. A-liðar 7. greinar tekjuskattslaganna?**

Undirritaður ítrekar þá skoðun sína að það lagaumhverfi sem að framan er lýst krefjist endurskoðunar. Vænti ég þess að ráðuneytið taki efni bréfs þessa til athugunar við yfirstandandi endurskoðun laga um tekjuskatt, svo að því ósamræmi sem lýst er hér að framan verði eytt og að lög um tekjuskatt verði orðuð í samræmi við þær meginreglum laga í skattarétti að þau skuli vera skýr og ótvíræð.

Virðingarfyllst,

SKRA

Sigurjón Bjarnason



Hæstaréttardómur 153/2012

Tekjuskattur án tekna





Undirstöðuatriði bókhalds

- Tekjur – endanlegar í hendi viðtakanda.
- Skuldir – ber að endurgreiða.

- Tekjuskattur lagður á tekjur, ekki skuldir.



Niðurstaða dómsins

- **Löggjafanum er frjálst að haga skattalögum eftir sínu höfði.**

„Þótt notkun hugtaka í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003 sé samkvæmt framansögðu um sumt hvorki hefðbundin né með öllu rökrétt verður að líta til þess að *í dómaframkvæmd* hefur löggjafanum verið játað víðtækt vald til að ákveða hvaða atriði skuli ráða skattskyldu.“

Dómarar: Markús Sigurbjörnsson, Árni Kolbeinsson, Gunnlaugur Claessen, Ingibjörg Benediktsdóttir og Ólafur Þorvaldsson.



Lán til eigenda

- Bönnuð frá fyrri tímum.
- Ef út af banni er brugðið, 79. gr. l. nr. 138/1994. Ef félagið hefur innt af hendi greiðslur í tengslum við ráðstafanir, sem eru andstæðar 1. og 2. mgr. skal endurgreiða þær með dráttarvöxtum. (Fangelsi eða sekt ef út af er brugðið skv. 127. gr. sömu laga.)
- Heimilar úttektir eigenda:
 - Arður
 - Laun



Einkahlutafélagalög nr. 138/1994

- Stórfjölgun lögaðila (einkahlutafélaga).
- Enginn aðili fylgist reglubundið með samskiptum eigenda við félög sín.
- Eftirlitsskortur alger.
- Ríkisskattstjóri undantekning, en snýr einungis að skattarétti.



Löggjafinn 2001

Lög nr. 133/2001:

- Einkarekstur færast yfir í einkahlutafélag án skattalegra áhrifa.
- Reglur settar sem áttu að ná til skattlagningar á úttektum eigenda. (Reynsla fyrri ára)
- Fleira varðandi reiknað endurgjald ofl.



Upphaf 7. gr. (Tekjuhugtakið)

Skattskyldar tekjur teljast hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs....

Eigin viðbót: Skiptir ekki máli hvort að skattaðili þurfi að endurgreiða „tekjurnar“?



Ný ákvæði 2001

- Til tekna sem **laun** teljast og **lán** til starfsmanna, sem óheimil eru samkvæmt lögum um einkahlutafélög.
- Til skattskyldra tekna teljast **lán** til hluthafa og stjórnarmanna, sem eru óheimil samkvæmt lögum um ... einkahlutafélög.
- *Þetta eru einu tegundir tekna, sem skattleggjast þó að þær hafi gengið til baka.*



Endurgreiðsla

Álit ríkisskattstjóra, yfirskattanefndar,
umboðsmanns alþingis, Héraðsdóms,
Hæstaréttar og margra fræðimanna:

„Endurgreiðsla á ekki að hafa áhrif á skattskylduna.“
„[það] á ekki sér nokkra stoð í lögum né
lögskýringagögnum“ (Ríkislögmaður í greinargerð)



Nánar um endurgreiðslumál.

1. Endurgreiðsla er skyld skv. einkahlutafélagalögum.
2. Eðli máls býður að lán skuli endurgreiða. (Réttarvenja – meginregla í kröfurétti)
3. Umfjöllun efnahags- og viðskiptanefndar við undirbúning laga 133/2001. (næsta glæra)



Efnahags- og skattanefnd (meirihluti) við undirbúning laga nr. 133/2001

„Í skattframkvæmd mun nokkuð hafa borið á slíkum lántökum og tilhneiging virðist hafa verið til að úthluta fjármunum til

eigenda í formi láns **án þess að burðir**

séu í reynd til endurgreiðslu fyrir

en skattstjóri gerir athugasemd við hina ólögsmætu lánveitingu“.

(Reynsla áranna á undan)



Tillaga meirihlutans

„Meiri hlutinn **leggur því til** að slík lán verði meðhöndluð í skattalegu tilliti með sama hætti og tíðkast í skattalöggjöf nágrannalandaanna“

Undir þetta skrifar meirihluti nefndarinnar:

1. Vilhjálmur Egilsson 1. þm. NV, S
2. Einar K. Guðfinnsson 1. þm. VF, S
3. Kristinn H. Gunnarsson 3. þm. VF, F
4. Sigríður A. Þórðardóttir 3. þm. RN, S
5. Gunnar Birgisson 2. þm. RN, S
6. Hjálmar Árnason 10. þm. RN, F

Hvað eru nágrannalöndin að gera? Svar á næstu glæru.



Hvað gera nágrannaríkin?

- **Danmörk:** Óheimilu lánin eru ekki skattlögð að öðru leyti en því að ef ekki er um markaðsvexti af láninu að ræða, þá skattleggja þeir. mismuninn af því hagræði, sem myndast við að fá hagstæðari kjör.
- **Noregur:** Ef norskt félag veitir óheimilt lán til hluthafa er byrjunarreiturinn sá að hluthafinn þarf að endurgreiða lánið. Ef ljóst er að hluthafinn mun ekki endurgreiða lánið, getur í algerum undantekningartilfellum verið litið svo á að um dulda arðgreiðslu sé að ræða. Það væri t.d. í þeim tilfellum þar sem enginn lánasamningur er fyrir hendi, engir vextir eru reiknaðir af láninu o.s.frv. Ef lánið ber öll einkenni láns, þ.e. lánsamningur er fyrir hendi, vextir eru reiknaðir o.s.frv. er farið með lánið skattalega eins og um lán sé að ræða.
- **Svíþjóð:** Úttekt er skattlögð, ef henni er ekki skilað.



Tillaga birtir ekki skoðun.

Að álit dómstóla birtir tillaga þingnefndar ekki skoðun hennar.

Í dómum og úrskurðum er ævinlega vitnað til álitsins, en tekið jafnframt fram að þar birtist engin skoðun á því hvort endurgreiðsla skuli hafa áhrif á skattlagningu.



Önnur atriði.

- Tryggingargjald. Álagt, þó að það sé ekki í samræmi við viðmiðunarregur um reiknað endurgjald.
- Úttekt „laun“ ekki frádráttarbær í rekstri.
- Niðurstaða dómsins kemur í veg fyrir að slík lán verði endurgreidd.

Sjá næst.



Slyngur ehf

Bíll keyptur af eigin félagi í desember.
Greiddur þrem mánuðum síðar.

(Viðskiptalán ekki háð sömu reglum)
(Baugsmál)



Er hægt að sækja tekjurnar aftur inn í félagið eftir skattlagningu?

Nei.

Eftir stendur bann einkahlutafélagalaga við úttekt. Slík síðari úttekt er því lögbrot að viðlagðri tukthúsvist.

Ef út af er brugðið hefur RSK heimild til að skattleggja úttektina (lánið) í annað sinn.

Ekki er heldur víst að félagið “hafi burði” til að skila fénu.



Ráðgjöf dagsins

- Þeir sem skulda félögum sínum (óvart eða í asnaskap) hafa brotið 1. og 2. mgr. 79. gr. laga um einkahlutafélög.
- Þeir eru skyldugir til að endurgreiða skv. 4. grein sömu laga.
- Lúti þeir þeirri lagagrein eiga þeir á hættu að greiða tekjuskatt án þess að hafa í hendi skattstofn. Því er ekki hægt að ráðleggja endurgreiðslu á meðan dómur Hæstaréttar nr. 153/2012 stendur óhaggaður.



Meðalhóf.

- Einkahlutafélög eru nánast á hverju heimili.
- Engar opinberar reglur eða leiðbeiningar hafa verið birtar landsmönnum, nema í formi laga og reglna.
- Algjört handahóf skattyfirvalda ræður því hvaða aðilar greiða tekjuskatt skv. hinum nýju ákvæðum frá 2001.
- Lántaka sem stendur í einn dag, lýtur sömu lögmálum og óendurgreiðanlegt lán.



Úr stjórnsýslulögum

12. gr. Meðalhófsreglan.

Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.